


PIWGERD 2000



2000



# **40. ÁRSPÍNG KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.**

**Haldið á Akureyri 13.-14. maí 2000**

**LAUGARDAGUR 13. MAÍ**

## **1. SETNING ÞINGSINS**

Ólafur Rafnsson formaður KKÍ tók til máls og bauð þingfulltrúa velkomna. Hann bauð Ellert B. Schram forseta ÍSÍ sérstaklega velkominn til þingsins. Ólafur minntist þess að hann ætti góðar minningar frá síðasta KKÍ þingi sem haldið var á Akureyri fyrir tíu árum, en þá hefði hann komið inn í stjórн sambandsins. Hann sagði að þingið væri hið 40. í sögu KKÍ og afmælis væri fram undan á næsta ári. Því næst bað hann þingfulltrúa að rísa úr sætum og minnast tveggja félaga sem fíllu frá á síðasta ári, þeirra Guðrúnar Ólafsdóttur og Örlygs Sturlusonar.

Því næst kallaði hann Ragnar B. Sigurðsson, Bjarna Steinarsson upp og sæmdi þau ásamt Grétari D. Pálssyni, sem var fjarstaddir, silfurmerki KKÍ fyrir góð störf í þágu körfuknattleikshreyfingarinnar.

Því næst sagði Ólafur 40. ársþing KKÍ sett.

## **2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA**

Ólafur Rafnsson stakk uppá Svölu Stefánsdóttur sem 1. þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi. Jafnframt var Ólafur Rafnsson kjörinn 2. varaforseti.

Þingforseti, Svala Stefánsdóttir tók við stjórн þingsins.

Hún bauð þingfulltrúa velkomna til Akureyrar. Hún tók því næst fyrir kosningu kjörbréfanefndar og gaf Pétri Hrafn Sigurðssyni orðið.

Pétur stakk uppá Ragnari B. Sigurðssyni, Bjarna Steinarssyni og Jóhanni Ingólfssyni í kjörbréfanefnd og var það samþykkt með lófataki. Hann bað þingfulltrúa jafnframt um að koma kjörbréfum og umboðum til kjörbréfanefndar.

Pétur Hrafn Sigurðsson var síðan kosinn 1. þingritari og Björn Leósson 2. þingritari.

## **3. KOSNING FASTRA NEFNDA**

Allsherjarnefnd:

Halldór Halldórsson, Gísli Georgsson og Þorgils Sævarsson.

Fjárhagsnefnd:

Magnús Svavarsson, Sigþór Kristinsson og Lárus Friðfinnsson.

Laga og leikreglnaneftnd: (Hér eftir nefnd laganeftnd).

Eyjólfur Guðlaugsson, Aðalsteinn Hrafnelsson og Ólafur Guðbergsson.

#### 4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Ólafur Rafnsson kynnti skýrslu stjórnar, sem er að finna í ársskýrslu KKÍ. Ólafur sagði síðan:

Ágætu þingfulltrúar,

Að baki er annasamt og erfitt starfsár stjórnar KKÍ. Fyrir ykkur hefur verið lögð skýrsla stjórnar, sem lengist ár frá ári. Samband okkar hefur bætt við sig verkefnum jafnt og þétt, og nú er svo komið að erfitt er að koma viðburðum fyrir, hvort sem þar er um að ræða fundi, útbreiðsluverkefni eða kappleiki. Reyndar er nú svo komið að KKÍ fer að mörgu leyti út fyrir starfssvið sitt, og verða menn að fara að íhuga æskileg takmörk þeirrar aukningar.

Ég hef haft það fyrir sið hér, án þess að lesa upp úr skýrslu þeirri sem liggur fyrir, að fara yfir starf og móta hald sambandsins á starfsárinu.

Ég vil byrja á því að víkja lítillega að gagnrýni sem komið hefur fram á starfsemi KKÍ nú í veturna. Gagnrýni er mjög nauðsynleg okkar hreyfingu, en menn verða að gæta að því með hvaða hætti hún er sett fram, og ekki síður að hún komi fram á réttum vettvangi. Óréttmætri gagnrýni hlýtur sá sem fyrir henni verður að svara, og vil ég vísa til umræðuþráða þeirra sem ég hef birt á Körfuboltaspjalli KKDÍ. Ef menn gagnrýna án þess að leita sér upplýsinga um viðfangsefnið, þá verða menn að sæta því að verða leiðréttir ef um rangfærslur er að ræða.

Gjarnan er það svo að þeir gusa mest sem grynnst vaða í þessum efnunum, og oft virðist mér að því minni sem þekkingin er á viðfangsefnið þeim mun harðari er gagnrýni viðkomandi og gjarnan rangari fyrir vikið. Ég hef einnig líkt sumum í hreyfingu okkar við ofdekruð börn í dótabúð sem vilja fá allt fyrir ekki neitt. Auðvitað myndum við vilja allar opnur í prentmiðlum eingöngu fyrir körfubolta, allar beinar útsendingar á besta tíma á öllum stöðvum, rugluðum sem órugluðum, og fá auk þess miklar greiðslur fyrir. Slíkir aðilar verða hinsvegar að takast á við þann veruleika sem við störfum í.

Í umfjöllun undanfarinna mánaða þá var einhver sem bentí á að e.t.v. væri óskynsamlegt að brydda upp á nýjungum í starfinu. Enginn á sérstaklega von á þeirri nýjung og sjaldnast eru menn tilbúinir að vinna að slíku fyrir sérsamböndin í sjálfboðastarfi, og umfram allt: því meira sem gert er þeim mun meira er til að gagnrýna. Ef aldrei hefði verið haldið villibráðarkvöld hefði enginn kvartað, en bregðist maturinn þá kann það hjá neikvæðum aðilum að vera það sem stendur upp úr. M.ö.o. betur væri heima setið en af stað farið. Ég vil þó taka fram að einungis kom fram sterkt ánægja við villibráðarkvöldinu, sem hér er einungis notað sem dæmi um það hvað hefði getað gerst.

Við höfum á undanförnum árum verið að takast á við miklar þjóðfélagsbreytingar. "Sófakynslóðin" svonefnda hefur dregið fólk af keppnisvöllunum í ríkari mæli og inn í stofur fyrir framan sjónvarpið, auk þess að úrvall afþreyingar fer vaxandi dag frá degi og fleiri íþróttagreinar keppa um hylli áhorfenda.

KKÍ hefur lagt mikið upp úr upplýsingastreymi og hafa m.a. formaður og framkvæmdastjóri nú í annað sinn farið í fundaferð með aðildarfélögunum á tveimur árum. Þær ferðir voru upphaflega farnar á þeim forsendum að nánast öll óánaðga í hreyfingu sem þessari byggist að mestu leyti á skorti á réttum upplýsingum eða misskilningi á stöðu aðila. Á hinn bóginn hafa þessir fundir verið hver öðrum betri, og í alla staði ánægjulegir og gagnlegir.

En aukin upplýsingatækni gefur einnig fleiri leiðir fyrir gagnrýni að koma fram. Slíku fylgja kostir og gallar. Kostirnar eru þó þeir að óánaðga sem e.t.v. hefur alltaf verið til staðar kemur þá fram fremur en að eitra út frá sér úti í horni, en gallarnir eru gjarnan þegar menn velja sér rangan vettvang fyrir gagnrýni sína, og enn verra er þegar slík gagnrýni er byggð á mikilli vanþekkingu aðila sem ekki hafa hirt um að kynna sér málín.

En mig langar að víkja aðeins að móta haldi okkar og landsliðsmálum.

Lítill breyting hefur orðið á 1. deild kvenna að því er varðar þau tvö lið sem hafa skorið sig úr með afgerandi hætti. Ánægjulegt er þó að sjá þann metnað sem er að finna í uppbyggingu nýrra liða sem hafa þrátt fyrir stór töp með þrautseigju varðað áfanga að leið sinni til varanlegs árangurs. Má þar sem dæmi nefna lið Tindastóls og Ísafjarðar.

Í veturnar hafa komið fram mjög margir góðir ungar leikmenn í íslenskum kvennakörfuknattleik, fleiri en ég hef séð áður - og það sem meira er um vert - margar með hæfileika sem fela í sér kynslóðaskipti íslensks kvennakörfuknattleiks. Hinsvegar verðum við að horfast í augu við að kvennakörfubolti, líkt og kvennaþróttir almennt, eiga enn undir högg að sækja. Við getum öll staðið okkur mun betur á þeim vettvangi - og skal ég fyrstur manna taka undir slíka gagnrýni á KKÍ.

Varðandi keppni í meistaraflokki karla þá var breiddin allsráðandi - allir virtust geta unnið alla. Keflavíkingar urðu meistarar meistaranna í Góðgerðarleiknum í september, og Tindastólmenn fögnumu sínum fyrsta titli í meistaraflokki karla þegar þeir unnu Eggjabikarinn. Renault-bikarkeppnina sigraði Grindavík, deildarmeistarar í Epson-deild urðu Njarðvíkingar og að lokum urðu KR-ingar íslandsmeistarar.

Fyrsta deildin er nú nær eingöngu skipuð liðum með öflugt unglungastarf að baki, og liggrur hér fyrir þinginu m.a. tillaga um fjölgun liða í deildinni í 12 lið. Baráttu í úrslitakeppni 2. deildar er meira að segja orðin svo hörð að dæmi voru um að lið hafi fengið sér erlendan leikmann í undanúrslitum. Við erum í dag með þrjár vel heppnaðar deildir í meistaraflokki karla. Allt þetta er að gerast á sama tíma og meðal samkeppnisáðila okkar á sér stað erfið varnarbaráttu við að halda úti tveimur deildum, og umræða jafnvel um að sameina 1. deild karla í handknattleik í eina 16 liða deild.

Bent hefur verið að félög á Höfuðborgarsvæðinu hafi átt undir högg að sækja. Á síðasta ársþingi var samþykkt ályktun um að stjórn KKÍ væru heimilar sértækar aðgerðir á því svæði. Vissulega hefur ýmislegt verið gert. Menn hafa bent á það í gamansönum tóni að enginn hafi þakkað KKÍ fyrir skjót viðbrögð sem komið hafi fram í þeim árangri að tvö lið úr Reykjavík, Fjölnir og Ármann/Þróttur fóru upp úr 2.

deild, önnur tvö lið úr Reykjavík, ÍR og Valur, fóru upp úr 1. deild, og að lokum varð lið úr Reykjavík, KR, íslandsmeistari.

Að mínu mati á hér stefna sú sem Ráðgjafarhópur um málefni Höfuðborgarsvæðisins setti varðandi þolinmóða og skipulega uppbyggingu yngri flokka talsvert að segja. En auðvitað getur KKÍ ekki tekið heiðurinn af þessum árangri - en á sama hátt verða menn að vera nægilega málefnalegir til að ásaka ekki KKÍ ef sömu lið falla aftur um deild. Hér er hver sinnar eigin gæfu smiður og starfið í félögnum endurspeglast í árangri - stundum til skamms tíma og stundum til langa tíma.

Varðandi landsliðsmálin þá má segja í stuttu máli að við höfum fjölgað flokkum unglingsaliða, aukið leikjafjölda verulega, við leikum gegn sterkari þjóðum en áður og umfram allt - árangurinn er alltaf að aukast - reyndar svo mikið að erlendar þjóðir sprayra okkur oftar og oftar um þær leyniformúlur sem 270 þúsund manna þjóð hefur mótað sér undanfarinn áratug.

Á síðasta sumri sendum við utan 7 landslið, sem er meira en nokkru sinni áður. Nú áður en maí gekk í garð höfðum við þegar sent utan tvö unglingslandslið, A-landslið kvenna og A-landslið karla. Slíkt hefur ekki gerst áður í sögu KKÍ.

Varðandi unglingslandslið okkar þá er nú lið eftir lið að ná frábærum árangri á alþjóðamælikvarða. Flestir fylgdust vel með U-82 liðinu okkar sem náði silfurverðlaunum á síðasta Norðurlandamóti, komst áfram í undanúrslit Evrópukeppninnar þar sem liðið lék síðan nú í apríl í Þýskalandi og var hársbreidd frá því að komast áfram, m.a. eftir að hafa rótburstað Norðurlandameistara Finna og einnig sigrað heimamenn Þjóðverja.

Eingöngu á grundvelli þessa góða árangurs var svo U-84 liðinu okkar boðið á sterkt móti í Frakklandi nú fyrir 1-2 vikum síðan, þar sem liðið náði 3. sæti með frækilegum hætti, m.a. eftir sigur á Búlgórum og Hollendingum. Ísland hefur aldrei verið á blaði stórbjóðanna þegar slík móti eru haldin, og því má segja að árangur okkar undanfarin ár hafi opnað nýjar dyr fyrir íslensk landslið. Evrópa hefur tekið eftir Íslandi með eftirminnilegum hætti.

Það sem ég er e.t.v. að reyna að segja er að árangur unglingslandsliða okkar er í reynd mun betri en ég hygg að margir hér inni geri sér raunverulega grein fyrir. Þessi uppbygging kemur hinsvegar ekki "af sjálfu sér". Að baki þessum árangri liggr áralöng og skipuleg uppbygging bæði innan félaganna og KKÍ. Peirri sameiginlegu uppbyggingu mega menn ekki klúðra með neikvæðu lýðskrumi - og fortölum um að allt sé á niðurleið.

Þessi árangur er ekki heldur sjálfsagður. Það má ekki gleyma því að önnur ríki eru einnig stöðugt að vinna að uppbyggingarstarfi. Við erum ekki að keppa við okkur sjálfa. Mælikvarðinn er e.t.v. samanburður við hinar Norðurlandaþjóðirnar, sem virðast í dag standa okkur nokkuð að baki við hraða framþróunar unglingsstarfsins - og það þrátt fyrir að þau sérsambönd búi við aðrar og betri fjárhagsforsendur en við hér uppi á Íslandi.

Sama framþróun hefur átt sér stað í landsliðum kvenna. Þótt það sé staðreynd að við stöndum mun lakan í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir þá nálgumst við hratt. Það

eru fáir sem gera sér grein fyrir því að saga A-landsleikja kvenna spannar einungis 14 ár ef frá er talið eitt Norðurlandamót árið 1973. Ísland vann ekki fyrsta landsleik sinn fyrr en 1989.

Mjög mikil fjölgun hefur orðið á landsleikjum kvenna og hefur það skilað sér í árangri. Fyrir 10 árum vorum við að tapa stórt fyrir þjóðum á borð við Luxembourg, svo ekki sé minnst á Norðurlandaþjóðir - en síðast þegar við tókum þátt í NM töpuðum við leikjunum með 80-120 stiga mun. Þetta er vert að hafa í huga þegar mat er lagt á uppbyggingu A-landsliðs kvenna, sem nú hefur á s.l. 5 árum sigrað á Promotion Cup, Smáþjóðaleikum og nú síðast á Spuerkass mótinu í Luxemborg í apríl. Framfarir eru því ekki matsatriði heldur köld staðreynd.

Af þeim sökum höfum við talið tímacírt að spreyta okkur aftur á samanburði við Norðurlöndin á ný, og tókum þátt í NM í sumar. Á Spuerkass mótinu í apríl sigruðum við Norðmenn með 20 stiga mun, en í síðasta leik liðanna á Norðurlandamóti sigraði Noregur með 80 stiga mun. Við skulum ekki gera okkur gyllivonir, en stöndum heilshugar að baki stúlkunum okkar.

Ég tel tilefni til framangreindrar samantektar um afreksstarf KKÍ, ekki síst í ljósi þess að hér hefur heiðrað okkur með nærveru sinni forseti ÍSÍ, Ellert B. Schram. Ég hef reyndar ekki legið á þeirri skoðun minni að í núverandi framkvæmdastjóra og forseta ÍSÍ fari saman gott teymi sem staðið hefur myndarlega að málum hjá ÍSÍ - og tileinkað sér nútímaleg vinnubrögð sem felast í skipulagi og góðu upplýsingastreymi innan hreyfingarinnar.

Hinsvegar hefur sá sem hér stendur ásamt Pétri Hrafni framkvæmdastjóra KKÍ gert verulegar athugasemdir við afreksstefnu ÍSÍ undanfarin tvö ár. Hefur sú umræða m.a. leitt til þess að á síðasta Íþróttatíungi sem haldið var hér á Akureyri í mars s.l. var samþykkt ný stefnumótun afreksstefnu ÍSÍ sem er nokkuð spor í rétta átt.

Það eru fáir sem gera sér grein fyrir því að á s.l. 10 árum hefur KKÍ einungis fengið úthlutað innan við 1% af rúmlega 100 milljóna króna úthlutunum afreksmannasjóðs, en á sama tíma hafa nálægt 80% úthlutana verið einokaðar af fjórum sérsamböndum, sem jafnframt eiga öll fulltrúa í stjórn sjóðsins sem skipaður ef af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Ég vil hér gagnrýna það kjarkleysi sem felst í því að viðhalda áframhaldandi skipun þar sem ekkert siðferði um vanhæfi virðist gilda og menn úthluta hver öðrum styrkjum eins og verið hefur.

Körfuknattleikur er ein vinsælasta ólympíugreinin, en KKÍ á enga raunhæfa möguleika á styrkjum úr íslensku Ólympíufjölskyldunni. Við getum ekki keppt við Ólympíulágmörk sem væru sambærileg við það að landslið okkar næði að skjóta 20 priggja stiga skotum í röð á æfingu. Nei, við þurfum að vera meðal fjögurra bestu í Evrópu - hvorki meira né minna.

Helstu samkeppnisgreinar okkar hafa fengið mikinn fjárhagslegan stuðning á undanförnum árum, og þ.á.m. hefur HSÍ fengið frá sjóðum ÍSÍ og bein framlög frá ríkissjóði upp á að meðaltali u.þ.b. 10 milljónir á ári s.l. sex ár, og KSÍ fær nálægt 80 milljónum á ári frá sínu alþjóðasérsambandi (það er að vísu erlendir styrkur sem fráleitt er að gagnrýna - heldur ber að samgleðjast þeim yfir). 10 milljónir nálgast það að vera nettóafkoma af öllum stuðningsaðilum KKÍ á ári.

Fjárhagslegar forsendur ýmissa annarra sérsambanda eru með þeim hætti að þeirra starfsemi markast eingöngu af framlögum úr lottóí, afrekssjóði og e.t.v. Ólympíufjölskyldu. Engin sjálfstæði fjároflun er til staðar, heldur starfsemin eingöngu miðuð við styrkjaspena.

Ástæða umfjöllunar minnar um þetta hér er sú að vekja athygli á þessu gagnvart körfuknattleik. Körfuknattleikur hefur borið verulega skarðan hlut frá borði, og á þessari ósanngirni þarf að verða breyting. Búast má við því að núverandi stjórn afreksmannasjóðs muni hundsa þann gríðarlega mikla árangur sem náðst hefur í afreksmálum allra aldursflokkja hjá KKÍ, og halda þess í stað áfram að skenkja sér styrkjum sín á milli. Slíkt er óviðunandi, og mun stjórn KKÍ ekki sætta sig við slíkt.

KKÍ er að vinna að hugarfarsbreytingu inn á við hjá félögum okkar, sem er nauðsynleg til að tryggja árangur okkar í sessi - afreksstarf sumarsins með stofnun sérstaks Elítuhóps, og sumaræfingum leikmanna almennt. Það sem helst kann að valda hruni þeirrar markvissu uppbyggingar sem unnið hefur verið að nú í 8-9 ár eru fjárhagslegar forsendur. Sérsambönd á Íslandi eru algerlega eylönd varðandi fjárhagslegan grundvöll, og njóta ekki ríkisstyrkja eins og víðast annarsstaðar. Þegar við fáum heldur ekkert frá afreks- eða ólympíusjóðum stöndum við einfaldlega ekki jafnt að vígi.

KKÍ heldur Norðurlandamót karlalandsliða nú í ágúst, og að öllu jöfnu hefði þar verið um að ræða verulegt tap, eða upp á 4-5 milljónir króna. Lagði stjórn KKÍ mikla vinnu í öflun styrkja frá fjárveitingarnefnd Alþingis vegna þess verkefnis, og fékk úthlutun samhliða ÍSÍ. Náðst hefur gott samkomulag við ÍSÍ um ráðstöfun hluta þess fjar til KKÍ - og vill ég að gestir okkar njóti hér sannmælis að því leyti.

Reyndar vill ég taka skýrt fram að gagnrýni mín hér á afreksstefnu ÍSÍ beinist ekki að Ellerti og Stefáni persónulega - enda hygg ég að þeir vilji báðir sjá þessum málum öðruvísi varið. Málið snýst fremur um að brjóta þann verndarmúr sjálftöku þeirra sem fengið hafa áskrift að styrkjakerfi hreyfingarinnar.

Í þessu sambandi hef ég vakið athygli félaga okkar á því að hreyfingin þarf að fá fleiri fulltrúa í stjórnunarstöður innan aðalstjórna, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Körfuknattleikur er ung íþrótt, og við eignum einfaldlega á ýmsum stöðum við að eiga gamlan hugsunarhátt og verndarstefnu fyrir hönd annarra íþrótttagreina sem eiga ríkari hefð. Pessi þáttur hefur að mínu mati verið stórlega vanmetinn innan körfuknattleiksins.

Að lokum vil ég víkja lítillega að framtíðinni. Eins og staðan er í dag stefnir í að framundan sé lang viðburðaríkasta starfsár í sögu KKÍ. Við höfum þegar aflað styrkja til að fá hingað til lands bandarískan þjálfara, Nelson Isley, sem nú þjálfar m.a. landslið Perú. Verður hann hjá okkur með landsliði og í uppbyggingarstarfi í 4-5 mánuði. Er ætlunin m.a. að fara í alla grunnskóla landsins og kenna fjórleikina okkar og kynna körfuknattleik og æfingaskipulag félagsins á staðnum.

Pá hefur Friðrik Ingi Rúnarsson verið ráðinn í fullt starf hjá KKÍ sem fræðslustjóri, auk þess að gegna starfi landsliðspjálfara. Er hér um 50% aukningu á starfsmannafjölda frá því sem fyrir var, og höfum við miklar væntingar til starfs hans

á þessu ári og næsta. Ráðgerðar eru ýmsar nýjungar við útbreiðslu- og fræðslustarf, s.s. Elítu-hópurinn sem áður var minnst á, stórumannabúðir, körfuboltabúðir í ágúst með þátttöku Jim Dooley, auk ýmissa annarra kynningarmála.

Til þess að allt þetta sé unnt þurfið þið, félögin, að vinna með okkur eins og unnt er. Án ykkar verður í reynd ekkert útbreiðslustarf. Einhver orðaði þetta svo á formannafundi nú í veturn að það sé til lítils af hálfu KKÍ að sá fræjum ef félögin eru ekki tilbúin til að uppskera með okkur. Tískuorðið markaðssetning" er nokkuð sem mér finnst vert að við íhugum öll - en að mínu mati eru bæði félögin og KKÍ að vinna að markaðssetningu á hverjum einasta degi. Slæmt umtal í fjöldum er að mínu mati ekki góð markaðssetning, og vil ég vísa í því sambandi til fyrirliggjandi umræðuþráða minna á Körfuboltaspjalli KKDI.

Ég vona að venju að við eignum eftir að eiga hér saman vinnusamt og málefnalegt þing.

## 5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Magnús Svavarsson gjaldkeri KKÍ fór yfir reikninga KKÍ, eins og þeir koma fyrir í ársskýrslu KKÍ.

Þingforseti gerði hlé á hefðbundinni dagskrá þingsins og gaf Ellert B. Schram forseta ÍSÍ orðið.

Ellert lýsti yfir ánægju með að vera kominn í þing KKÍ í Þórsheimilið á Akureyri, en þaðan ætti hann góðar minningar frá old-boys-mótum margra síðustu ára. Hann óskaði þeim Ragnar Sigurðssyni og Bjarna Steinarssyni til hamingju með silfurmerki sín og sagði að íþróttahreyfingin væri sterk vegna þess hve mikið að fólki á borð við Ragnar og Bjarna starfaði í henni.

Hann sagði að sumir innan körfuknattleikshreyfingarinnar, sem Ólafur Rafnsson kallaði lýðskrumara, hefðu hátt í gagnrýni sinni á KKÍ í fjöldum og því hefði öllu verið svarað á málefnalegen hátt. Hann sagðist hafa fylgst náið með starfsemi KKÍ undanfarin ár og kynnt sér gögn og áætlanir KKÍ og sagði að í engu öðru sér sambandi af þessari stærðargráðu væri unnið jafn vel og af jafn miklum áhuga og skipulagningu og hjá núverandi stjórn KKÍ. Þar væri allt til fyrirmynadar og hann sagðist taka ofan fyrir þeim sem stýrðu sambandinu.

Hann sagðist ætla að fylgjast með því hvað væri á dagskrá þingsins og flutti kveðjur frá stjórn ÍSÍ og lýsti því yfir að stjórn ÍSÍ væri tilbúin að starfa með KKÍ og aðstoða eins og kraftar þeirra og fjárráð leyfðu. Hann sagðist að mörgu leiti geta tekið undir gagnrýni Ólafs Rafnssonar varðandi úthlutanir afrekssjóðs. Þar hefði ýmislegt verið gagnrýnisvert, en ekki væri hægt að áfellast þá sem sætu í sjóðsstjórninni eða þá sem stýrðu Íþróttasambandinu vegna þess að sjóðurinn væru af skornum skammti og hann starfaði eftir reglugerð sem sett hefði verið fyrir all mörgum árum síðað og hún hafi bundið hendur sjóðsstjórnarinnar við úthlutanir. Skilyrt væri að þeir sem fengju úthlutað væri í röð þeirra allra bestu.

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

C

Petta hafi auðvitað útilokað margar íþróttagreinar eins og t.d. körfuknattleiksíþróttina sem ekki væri í hópi þeirra bestu og myndi líklega aldrei verða það, eins og Ólafur segði sjálfur, af ástæðum sem við þekkjum.

Á íþróttapindi í mars sl. hefði verið samþykkt ný stefnuályktun sem opnaði dyrnar og síðan þá hafi verið unnið að því að breyta reglugerðinni sem sjóðurinn á að starfa eftir og þar væri mest um vert að opnað væri á heimild til að úthluta til íþróttagreina þótt þeirra íþróttamenn væru ekki í hópi þeirra allra bestu í heiminum. Að því leiti sköpuðust nýir möguleikar fyrir körfuknattleikinn. Gerðar væru kröfur til að þess að viðkomandi sérsvamband setti fram metnaðarfulla stefnu í afreksmálum, gefi skýrslur, leggi fram fjárhagsáætlun og leggi sjálf fram fé á móti því sem það fær úr afrekssjóði.

Hann sagði að ljóst að KKÍ mundi standast þessar kröfur eins og sambandið hefur starfað að undanförnu og ætti því möguleika á að fá úthlutað. Það væri þó í höndum sjóðsstjórnarinnar og hann gæti ekki lofað peningum úr sjóðnum. Hann tók fram að valinkunnugt fólk sæti í sjóðsstjórninni og það væri hafið yfir vafa að það starfaði eftir einhverjum annarlegum hugsanagangi og enginn væri valinn í sjóðsstjórnina til að gæta hagsmuna sinnar íþróttagreinar.

Hann sagði að HSÍ hafi fengið úthlutað úr sjóðnum, en ekki ræki hann minni til þess að nokkur aðili frá því sambandi væri í sjóðsstjórninni. Hann sagði að handknattleikur hefði fengið peninga úr afrekssjóði og skýringin á því væri sú að þrátt fyrir allt hefði handknattleiksmenn verið í hópi þeirra bestu og handboltinn væri sú boltaíþrótt sem hefði náð lengst og af þeim sökum hafi þótt ástæða til að styrkja það samband. Í og með hafi það líka verið líknarstarf því handknattleikssambandið hafi staðið illa þó það ætti ekki að ráða úrslitum. Hann tók heilhugar undir með Ólafi Rafnssyni að kalt mat ætti að liggja að baki úthlutunum úr afrekssjóði og sameiginlegum sjóðum íþróttahreyfingarinnar en ekki væri úthlutað af mannúðarástæðum og taka ætti tillit til þess ef íþróttahreyfingar stæðu sig vel fjárhagslega og væru með allt sitt á hreinu. Slík sambond ættu ekki að gjalda fyrir það.

Hann sagði að þeir reikningar sem lagðir hefðu verið fram á þinginu væru til mikillar fyrirmynnar og þeir sýndu hagnað af rekstrinum þrátt fyrir mikil umsvif á síðasta ári. Hann sagði að Ólafur hafði nefnt að næsta ár yrði eitt það annasamasta í sögu körfuknattleiksins og sagðist ekki efast um að svo væri. Hann sagði að ÍSÍ og KKÍ hafi unnið að því sameiginlega að fá fé til starfseminnar meðal annars til þess að halda hér Norðurlandamót á komandi sumri.

Hann sagði að á síðasta íþróttapindi hafi verið samþykkt að gera úttekt á hagkvæmni þess að sameina ÍSÍ og UMFÍ. Hann sagðist sannfærður um að spara mætti fé með þessari sameiningu sem næmi 30-40 milljónum. Hann sagði ekkert vit í því lengur að hafa tvöfalda stjórn, tvöfalt kerfi og halda uppi samtökum sem hirði verulegt fé úr lottóinu en legði ekkert af mörkum til yfirstjórnar, sérsvambanda, Ólympíusjóðs eða afreksmannasjóðs og ekkert til alþjóða samstarfs.

Þarna er um að ræða 50 milljónir á ári sem UMFÍ fær til úthlutunar. Ég er ekki að segja að þessu fé sé öllu varið í óverðskuldaðahluti. Hluta af þessu fé er úthlutað til ungmannafélöganna í landinu, en með hagræðingu og einfaldri stjórn væri hægt að spra tugi milljóna með sameiningu ÍSÍ og UMFÍ. Hann sagðist vilja koma þessari skoðun sinni á framfæri til þeirra sem störfuðu í ungmannafélögum og

héraðssamböndum. Þarna væri verk að vinna og þarna væru peningar fyrir sérssamböndin ef menn vildu.

Hann baðst velvirðingar á því að hann þyrfti að fara af þinginu fyrir hádegi. Hann hafi komið til að lýsa þökkum sínum á því góða starfi sem unnið væri hjá KKÍ og óskaði þingfulltrúum að lokum góðs og árangursríks þings.

Pingforseti gaf því næst Ragnar B. Sigurðssyni formanni kjörbréfanefndar orðið.

Ragnar B. Sigurðsson tók til máls og sagði að fyrir lægju 12 kjörbréf. Las hann því næst upp nöfn þingfullrúa og bað þá að rísa úr sætum þegar nöfn þeirra væru lesin.

### **Íþróttabandalag Reykjavíkur**

Magnús Grétar Árnason

Aðalsteinn Hrafnkelsson með umboð fyrir Bjarna Gunnarsson.

Gunnar Sverrisson með umboð fyrir Pétur Hólmsteinsson.

Jóhannes Karl Sveinsson

Jón Örn Guðmundsson

Elínborg Guðnadóttir

Helgi Bragason

Pórhallur Flosason

Hafdís Helgadóttir

Birgir Hákonarson

Gísli Georgsson

Guðmundur Guðmundsson

Hjalti Már Einarsson

Kristinn Vilbergsson

Magnús Guðmundsson

Óttar Magni Jónsson

Arnar Káráson

Atli Einarsson

Guðmundur Magnússon

Helgi Már Magnússon

Ingi Þór Steinþórsson

Margrét K. Jónsdóttir

Ólafur Jón Ormsson

Páll Sævar Guðjónsson

Sófus Guðjónsson

Sverrir Scheving Thorsteinsson

Porgeir Einarsson

María Hallbjörnsdóttir

Einar Ólafsson

Viðar Hrafnkelsson

Gerður Guðmundsdóttir

Hólmsteinn Sigurðsson

Kristinn Harðarson

**Ungmennasamband Borgarfjarðar**

Birgir Mikaelsson með umboð fyrir Guðbjörgu Ingimundardóttur.  
Ragnar Gunnarsson með umboð fyrir Eið Sigurðsson.  
Halldór Lind Guðmundsson með umboð fyrir Magnús Óttarsson.

**Íþróttabandalag Akraness**

Ragnar B. Sigurðsson  
Ágúst Þórðarson  
Jón Pór Þórðarson

**Ungmennasamband Eyjafjarðar**

Ólafur Hauksson með umboð fyrir Jónas Pétursson  
Bergvin Gunnarsson  
Ingi Sverrisson

**Ungmennasamband Kjalarnesþings**

Sigurður Skúli Bárðarson með umboð fyrir Jóhönnu Hauksdóttur.  
Kjartan Sigtryggsson  
Björn Leósson  
Sæmundur Jóhannesson  
Hannes S. Jónsson með umboð fyrir Birgi Ara Hilmarsson.  
Pétur Hrafn Sigurðsson

**Íþróttabandalag Reykjanesbæjar**

Alexander Ragnarsson með umboð fyrir Gunnar Þorvarðarson.  
Jón Halldórsson með umboð fyrir Þórunni Þorbergsdóttur.  
Ólafur Guðbergsson með umboð fyrir Viðar Kristjánsson.  
Birgir Már Bragason með umboð fyrir Erlu Sveinsdóttur.  
Hrannar Hólm með umboð fyrir Rúnar Georgsson.

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**

Sigþór Kristinsson með umboð fyrir Hjördísi Pálmadóttur.  
Sturla Jónsson  
Skarphéðinn Eiríksson  
Ólafur Rafnsson

**Ungmennasambandið Hrafn Flóki**

Brynjar Pór Þorsteinsson með umboð fyrir Ara Haflidason

**Héraðssabandið Skarphéðinn**

Lárus Ingi Friðfinnsson með umboð fyrir Ketil Gíslason.  
Guðríður Aandegård með umboð fyrir Engilbert Olgeirsson.  
Daði Steinn Arnarson með umboð fyrir Valdimar Hafsteinsson.  
Magnús Hinriksson

**Íþróttabandalag Suðurnesja**

Eyjólfur Guðlaugsson með umboð fyrir Gísla Sigurðsson.  
Sigrún Jónsdóttir með umboð fyrir Magnús Hjaltason.  
Ólafur Pór Jóhannsson með umboð fyrir Jón Emil Halldórsson .

## **Íþróttabandalag Akureyrar**

Porgils Sævarsson  
Ágúst Guðmundsson  
Eiríkur Sigurðsson  
Dagur Þorsteinsson  
Árni Bjarnason

Ragnar tók fram að þetta væru 118 atkvæði af 163 mögulegum, þannig að ekki var mætt fyrir atkvæði. 12 hérðssambönd af 25 væru mætt á þingið.

Þingforseti gaf því næst Andra Gylfasyni orðið.

Andri fór yfir skipulag þingsins, matartíma, þinggjald, óvissuferð og hátíðarkvöldverð í Sjallanum.

Þingforseti bar því næst reikninga KKÍ undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR**

Þingforseti tók fyrir fjárhagsáætlun næsta árs sem var þingskjal nr. 19 og lagði til að því yrði vísað til fjárhagsnefndar og var það samþykkt.

## **7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR ÞÆR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR**

Þingforseti tók fyrir þær tillögur sem borist höfðu og lagði til að þeim yrði vísað til nefnda sem hér segir:

Þingskjal nr. 1 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 2 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 3 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 4 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 5 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 6 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 7 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 8 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 9 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 10 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 11 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 12 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 13 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 14 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 15 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 16 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 17 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 18 til allsherjarnefndar.

Var það samþykkt samhljóða.

## **PINGHLÉ**

SUNNUDAGUR 14. MAÍ

Þingforseti gekk til dagskrár og gaf Magnúsi Svarssyni formanni fjárhagsnefndar orðið.

Magnús tók fyrst fyrir þingskjal nr. 4.

Þingskjalið var fellt.

Magnús tók því næst fyrir þigskjal nr. 13.

Þingskjalið kom ekki til atkvæða en borin var fram breytingartillaga sem merkt var þingskjal nr. 24. Þingskjal nr. 24 var samþykkt.

Magnús tók því næst fyrir þingskjal nr. 16.

Þingskjalið var fellt.

Magnús tók því næst fyrir þingskjal nr. 19.

Þingskjalið var samþykkt.

Þingforseti gaf því næst Eyjólfí Guðlaugssyni formanni laganeftnar orðið og tók hann fyrir álit laganeftnar.

Eyjólfur tók fyrst fyrir þigskjal nr. 1.

Þingskjalið var samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næsta fyrir þingskjal nr. 2.

Þingskjalið var samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 3.

Þingskjalið var samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 6 og 7 saman.

Þingskjölin voru samþykkt með breytingu sem fram kemur í viðauka við þingskjöl nr 6 og 7 og að viðbættum orðunum „fyrri hálflleikur“.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 8.

Þingskjalið var samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 9.

Þingskjalið var samþykkt með þeim breytingum að aðeins fyrsta setning standi eftir, en hún er svohljóðandi:

„Ársþing KKÍ, haldið á Akureyri 13.-14. maí 2000, samþykkir að reynt verði að koma á keppni í Lávarðadeild á nýjan leik, fyrir leikmenn sem orðnir eru 30 ára og eldri.“

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 10.

Þingskjalið var fellt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 11.

Þingskjalið var fellt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 12.

Þingskjalið var fellt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 15.

Þingskjalið var samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 17.

Pétur Hrafn Sigurðsson lagði fram tillögu um að þingskjalinu yrði vísað til stjórnar KKÍ sem ynni að málinu. Sú tillaga var felld.

Þingskjal nr. 17 var þá borið undir atkvæði og samþykkt með naumum meirihluta.

Hádegisverðarhlé.

Pingforseti gekk til dagskrár á ný og bar upp tillögu um að umræður um þingskjal nr. 17 yrðu opnaðar aftur. Var það samþykkt naumlega.

Jóhannes Karl Sveinsson sagði að samþykkt þingskjals nr. 17 hefði verið slys og ekki væri hægt að láta það standa. Hann lagði því fram nýja tilllögu sem merkt var sem þingskjal nr. 26.

Eftir nokkrar umræður var þingskjal nr. 26 samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 20 sem lagt var fram á laugardeginum.

Þingskjal nr. 20 var samþykkt óbreytt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 21 sem einnig var lagt fram á laugardeginum.

Þingskjal nr. 21 var samþykkt óbreytt.

Pingforseti gaf því næst Halldóri Halldórssyni formanni allsherjarnefndar orðið og tók hann fyrir álit allsherjarnefndar.

Halldór tók fyrst fyrir þingskjal nr. 5.

Halldór sagði að meirihluti allsherjarnefndar legði að þingskjal nr. 5 yrði samþykkt með breytingum sem kæmu fram í tillögu nefndarinna sem merkt var sem þingskjal nr. 22. Minnihluti allherjarnefndar, Gísli Georgsson, lagði fram aðra tillögu sem merkt var sem þingskjal nr. 23. Að lokum lagði Halldór Halldórsson fyrir nýja viðbótartillögu sem mert var sem þingskjal nr. 25.

Þingskjal nr. 5 kom ekki til atkvæða.

Þingskjal nr. 22 var samþykkt.

Þingskjal nr. 23 var ekki tekið til atkvæða.

Þingskjal nr. 25 var samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 14.

Þingskjalið var samþykkt óbreytt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 18.

Þingskjalið var fellt, en bætt var orðunum „og unglingsflokk“ inn í 13. grein eldri reglugerðar, þar sem talað er um ferða og fæðiskostnað dómara í úrslitakeppnum.

## 10. ÖNNUR MÁL

Pingforseti gaf orðið laust um önnur mál.

Birgir Mikaelsson spurði út í reglubreytingar sem yrðu á næsta keppnistímabili.

Pétur Hrafn Sigurðsson svaraði honum og fór yfir helstu breytingarnar svo sem 24. sekúndna skotklukku í stað 30 sekúndna. 8 sekúndur yfir miðju í stað 10 sekúndna og 4x10 mínútna leiktíma í stað 2x20 mínútna.

Kjartan Sigtryggsson spurði út í mótaðal KKÍ og kvartaði yfir verkefnaskorti fyrir yngri flokki, einkum á vorin fyrir þau lið sem ekki komast í úrslit.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði eðli mótaðal KKÍ það að finna sigurvegara. Allir byrjuðu, en síðan væri reynt að finna sigurvegara. Hann benti á hugmynd Sigurðar Skúla að búa til ný móta á vorin. t.d. staðbundin móta eins og hina svokölluðu „Höfuðborgardeild“.

Ólafur Guðbergsson spurði um skýrslu milliþinganeftndar um málefni yngri flokkanna og hvatti til þess að vinnubrögð við skipulagningu fjölliðamóta yrðu vönduð eins og kostur væri.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að þessi nefnd, sem skipuð var valinkunnum mönnum, hafi ekki skilað neinni skýrslu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að hálfu KKÍ til fá eithvað frá þeim.

Pétur Hrafn Sigurðsson tilkynnti að nú yrði dregið í töfluröð fyrir úrvalsdeild og 1. deild karla. Þingforseti dró miðana úr fötu og fyrst var dregið í 1. deild karla.

Drátturinn fór þannig: 1. Höttur, 2. Snæfell, 3. ÍV, 4. Fjölnir, 5. Þór Þ., 6. Stjarnan, 7. Selfoss, 8. ÍA, 9. Breiðablik 10. Ármann/Þróttur.

Loks var dregið um töfluröð í úrvalsdeild.

Drátturinn fór þannig: 1. UMFG, 2. Tindastóll 3. ÍR, 4. Keflavík, 5. Hamar, 6. Þór Ak., 7. Skallagrímur, 8. KFÍ, 9. Haukar, 10. KR, 11. UMFN, 12. Valur.

## 11. KOSNING FORMANNS

Ólafur Rafnsson var einróma endurkjörinn formaður KKÍ til næstu tveggja ára.

## 12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Pétur sagði að tillaga hafi komið fram í aðalstjórn um Ólaf Jóhannsson, Magnús Svavarsson og Guðjón Þorsteinsson og í varastjórn Sturlu Jónsson, Sigurð Skúla Bárðarson og Gísla Friðjónsson. Pétur óskaði eftir öðrum tillögum. Þær komu ekki og voru þau kjörin með lófaklappi.

## 13. KOSNING EINS MANNS Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL OG EINS TIL VARA. BÁÐA TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Pétur sagði fram komna uppástungu um Ágúst Jóhannesson sem aðalmann og Gunnar Þorvarðarson sem varamann og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

## 14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND OG TVEGGJA TIL VARA

Pétur sagði að stungið væri uppá Ágústi Jóhannessyni og Hrafni G. Johnsen sem aðalmenn og Ingimar Ingasyni og Skúla Valtýssyni til vara og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

## 15. KOSNING ÞRIGGJA AÐILA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA

Pétur sagði að stungið væri uppá þeim Bjarna Steinarssyni, Halldóri Halldórssyni og Elínborgu Guðnadóttur og til vara þeim Kristni Jörundssyni, Hilmari Magnússyni og Ragnari B. Sigurðssyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

## 16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Pétur sagði að stungið væri uppá þeim Ágúst Jóhannessyni og Ottó Haflidásyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

## 17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍÐRÓTTAPÍNG

Pétur sagði að ekki þyrfti að kjósa fulltrúa á íþróttapíng á þessu ári.

## 18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR

Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til þingforseta og þingritara og var það samþykkt.

## 19. ÞINGSLIT

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing og sagði að það hefði gengið vel.

Ólafur Rafnsson þakkaði þingfulltrúum fyrir gott og vinnusamt þing. Hann sagði að þótt þingstörfin hefðu ekki verið flókin eða tímafrek hafi það verið vegna skilvirkra starfa vinnuhópa og þingnefnda. Hann þakkaði heimamönnum fyrir góða umgjörð. Hann bað þingforseta að rísa úr sæti sínu og bað hann þingfulltrúa að gefa honum gott klapp fyrir góða stjórn á þinginu. Hann óskaði að lokum þingfulltrúum góðrar heimferðar, þakkaði heimamönnum fyrir móttökurnar og að því búnu sagði hann þinginu slitið.

---

Svala Stefánsdóttir  
þingforseti

---

Pétur Hrafn Sigurðsson  
þingritari

2

6

100

6

七

1

57

1

6

1

1

6

1

1

1

60

1

C

11

1

6

1

1

1

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 1

Tillaga til breytingar á 26. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót.

26. grein orðist svo:

## 1. DEILD KVENNA

1.deild kvenna skal skipuð 6 liðum. Önnur lið leika í 2. deild. Neðsta lið 1. deilda fellur í 2. deild og tekur efsta lið 2. deilda sæti þess. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratil og fá farandbikar og eignarbikar.

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna.

Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að liðin sem hafa lent ofar í deildarkeppninni fái fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratilinn í 1. deild kvenna fær það lið fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli sem lenti ofar í í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Greinargerð:

Undanfarin ár hafa félög getað skráð sig til keppni ýmist í 1. deild eða 2. deild burtséð frá getu eða hvort þau hafa unnið sér rétt til að leika í efstu deild eða ekki. Þetta hefur gert það að verkum að fjöldi liða í 1. deild hefur verið mjög mismunandi milli ára og oft hefur endanlegur fjöldi þátttökuliða ekki komist á hreint fyrr en í september, eða stuttu áður en keppni í deildinni á að hefjast.

Með því að ákveða fjölda liða í deildinni minnkar óvissan í kringum deildina og því ætti að vera hægt gera frumdrög að niðurröðun leikja um leið og slíkt er gert í Úrvalsdeild og 1. deild karla. Einnig ætti að verða eftirsóknarverðara að leika í deild þar sem gerðar eru kröfur til gæða liðanna. Félag þarf að sigra í 2. deild áður en það fær að vera með í 1. deild. Á komandi árum ætti síðan vonandi að vera hægt að fjölgva í deildinni þegar breiddin er orðin meiri. Slíka þróun þekkjum við úr tveimur efstu deildum karla.

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  X Laganefndar  
 nefndar

X Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 2

Tillaga til breytingar á 27. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót.

27. grein orðist svo:

### 2. DEILD KVENNA

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þáttökuliða og þá í samráði við þau.

Það félag sem sigrar í 2. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að orða 27. grein upp á nýtt verði breytingar við 26. grein samþykktar.

Stjórn KKÍ

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
               nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 3

Tillaga til breytingar á 31. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót.

Eftirfarandi breytingar verði gerðar í 31. grein.

Fjöldi liða í riðlum skal ákveðinn þannig: ~~6 lið eða færri í einum riðli, 7-12 lið leika í tveimur riðlum, 13-18 lið skulu leika í þremur riðlum.~~ Séu fleiri en 18 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum.

Yfirstriku setningarnar falli út og í staðinn komi:

Fjöldi liða í riðlum: 5 lið eða færri í einum riðli. 6-10 lið í tveimur riðlum. 11-15 lið í þremur riðlum. Séu fleiri en 16 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum. Mótanefnd er heimilt að hafa fjölda liða í riðlum með öðrum hætti sé það talið heppilegra.

Greinargerð:

Í aukum mæli hefur skipan liða í riðla verið með þeim hætti að 6 lið hafa verið í riðli. Í elstu flokkunum þar sem leiktími er langur, hefur komið berlega í ljós á undanförnum árum að erfitt er að koma slíkum 15 leika (22 klst.) móttum fyrir í þróttahúsum. Mjög víða er ekki hægt að koma svo stórum móttum fyrir vegna t.d. fjölmennra barnaæfinga og útleigutíma. Því er nauðsynlegt að halda fjölda liða í riðlum við 4-5.

Í vissum tilvikum getur verið í lagi eða nauðsynlegt að hafa 6 lið í riðli. T.d. í yngstu flokkunum þar sem víðast hvar er hægt að leika á tveimur völlum. Einnig þegar fá (t.d. aðeins 6 lið) eru í flokk. Þess vegna er nauðsynlegt að móttanefnd hafi svigrúm. Ljóst er að tölurnar 7 og 11 eru vandamál, en aðeins þar eitt lið í viðbót til að fá ákjósanlegan fjölda liða í riðla. Mótanefnd hefur oft fundið lausnir á slíkum vandamálum, t.d. með því að bjóða b-liði einhvers félags að vera með.

Stjórn KKÍ

---

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar X Laganefndar  
\_\_\_\_ nefndar

---

X Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

---

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 4

Tillaga til breytingar á 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

## 8. grein

Greinin orðist svo:

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Umsjónaraðili fjölliðamóts (heimalið) skal koma leikskýrslum til mótanefndar KKÍ (ef um Íslandsmót er að ræða) eigi síðar en 4 dögum eftir að leikdag. Miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir). Í þeim leikjum sem dómaranefnd KKÍ raðar raðar dómurum á, skulu dómararnir sjá um að koma leikskýrslum til mótanefndar KKÍ eigi síðar en á öðrum virkum degir eftir að leik líkur.

Vanræksla félaga á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 190,00 á hverja skýrslu hvern dag. **Vanræksla dómarar á skýrsluskilum varðar sekt sem nemur 30% af dómaralaunum í viðkomandi leik.** Báðir dómarar leiks skulu vera ábyrgir fyrir skýrsluskilum. Sé tölfræðiskýrsla ekki send innnan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 2.0000 kr. fyrir hvern leik. Skrifstofa KKÍ skal ítreka við félag að skila skýrslu hafi hún ekki borist 10 dögum eftir að leikur fór fram.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ getur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

## Greinargerð:

Dómarar hafa séð um að skila skýrslum úr þeim leikjum sem þeim er raðað á um árabil án þess að reglur kveði svo á um. Nokkuð hefur borið á því að dráttur verði á skýrsluskilum dómarar og skapar það mótanefnd talsverð óþægindi. Nauðsynlegt er að gera dómarar ábyrga fyrir skýrsluskilum úr þeim leikjum sem þeim er raðað á og viðurlög verði við trassaskap. Mótanefnd hefur látið útbúa sérstök skilaumslög sem setja má ófrímerkt í póst. Einnig verður settur upp sérstakur póstkassi mótanefndar í andyri íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal.

Setningin "Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti" er felld út enda úreldt. Mótanefnd hefur ekki áhuga á því að fá allar skýrslur sendar inn í ábyrgðarbréfi. Þá er ákvæði um að sektargreiðslur skuli hækka í samræmi við breytingar á aðgöngumiðaverði úreldt þar sem miðaverðið er frjálst og breytilegt frá einu félagi til annars.

Stjórn KKÍ

Vísað til: <input checked="" type="checkbox"/> Fjárhagsnefndar <input type="checkbox"/> nefndar	Allsherjarnefndar	Laganefndar
<input type="checkbox"/> Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/> Samþykkt með breytingum	<input checked="" type="checkbox"/> Fellt

## **Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000**

**Þingskjal nr. 5**

40. ársþing KKÍ haldið á Akureyri 13.-14. maí 2000

Stjórn KKÍ leggur til að reglur FIBA um frjálst leikmannaflæði innan Evrópu gildi á Íslandi.

Stjórn KKÍ

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
               nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

---

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 6

Tillaga til breytingar á 32. grein og 44. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Núverandi skipting hjá konum skv. 32.grein:

- 1.aldursflokkur 19 ára og eldri
- Unglingaflokkur 16,17 og 18 ára
- Stúlknaflokkur 14 og 15 ára
- 8. fl. kvenna 12 og 13 ára
- Minnibolti kvenna 11 ára og yngri.

Lagt er til að í stað "- 8. fl. kvenna 12 og 13 ára" komi

- 8. fl. kvenna 13 ára
- 7. fl. kvenna 12 ára

Eftirfarandi breyting verði gerð á 44. grein:

A 8. flokkur kvenna

Aldur 13 ára

Leiktími: „*Fyrri hálffleikur*“ (bætt inn orðunum innan gæsalappa, sjá viðauka við þingskjal nr. 6 og 7) 2x10 mínútur og klukkan ... ....

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 7. flokki frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum ... ....

*Ákvæði til bráðabirgða: Niðurröðun fyrir Íslandsmót 2000-2001 skal fara eftir árangri minnibolta 8. flokki frá fyrra ári. (Leiðréttind gerð á þinginu - BL)*

B 7. flokkur kvenna

Leiktími: „*Fyrri hálffleikur*“ (bætt inn orðunum innan gæsalappa, sjá viðauka við þingskjal nr. 6 og 7) 2x10 mínútur og klukkan ... ....

Skipta skal liðum í 7. flokki kvenna upp í ... ....

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum ... ....

Í 7. flokki kvenna skal leikið með minnibolta.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 7. flokki kvenna, en á eigin sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn sem er.

Greinargerð:

Stjórn KKÍ telur að sú breyting sem gerð var á flokkakerfinu á sínum tíma hafi átt stóran þátt í því að fjlga iðkendum í íslenskum körfukolta og auka breiddina í Íþróttinni.

Tímabært er að taka upp árgangakerfi hjá stúlkum eins og piltum.

Stjórn KKÍ

Vísað til:	Fjárhagsnefndar	Allsherjarnefndar	X Laganefndar
	— nefndar		
Samþykkt óbreytt	X Samþykkt með breytingum		Fellt

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

## Þingskjal nr. 7

Tillaga til breytingar á 32. grein og 43. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Núverandi skipting hjá konum skv. 32.grein:

- 1.aldursflokkur 19 ára og eldri
- Unglingaflokkur 16,17 og 18 ára
- Stúlknaflokkur 14 og 15 ára
- 8. fl. kvenna 12 og 13 ára
- Minnibolti kvenna 11 ára og yngri.

Lagt er til að í stað "- Stúlknaflokkur 14 og 15 ára" komi

- 9. fl. kvenna 14 ára
- 10. fl. kvenna 15 ára

Eftirfarandi breyting verði gerð á 43. grein:

A 10. flokkur kvenna

Aldur 15 ára

Leiktími: 2x16 mínútur og ... ....

Skipta skal liðum í 10. flokki kvenna upp í ... ....

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 9. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum ... ....

Í 10. flokki kvenna skal leikið með kvennabolta nr. 6.

Heimilt er að leika hvaða vörn sem er í 10. flokki kvenna.

*Bráðabirgðaákvæði: Niðurröðun fyrir Íslandsmót 2000-2001 skal fara eftir árangri í 8. flokki stúlknaflokkki frá fyrra ári. (Leiðréttning gerð á þinginu - BL)*

B 9. flokkur kvenna

Aldur 14 ára

Leiktími: 2x16 mínútur og ... ....

Skipta skal liðum í 9. flokki kvenna upp í ... ....

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 8. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum ... ....

Í 9. flokki kvenna skal leikið með kvennabolta nr. 6.

Heimilt er að leika hvaða vörn sem er í 9. flokki kvenna.

Greinargerð:

Stjórn KKÍ telur að sú breyting sem gerð var á flokkakerfinu á sínum tíma hafi átt stóran þátt í því að fjölgja iðkendum í íslenskum körfukolta og auka breiddina í íþróttinni.

Tímabært er að taka upp árgangakerfi hjá stúlkum eins og piltum því ef fjölgja á iðkendum enn frekar eru möguleikar til þess mestir í kvennaboltanum.

Stjórn KKÍ

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
               nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 8

Breytingar á lögum KKÍ fyrir ársþing 2000.

2.grein liður b. Lagt er til að texti innan sviga verði felldur út (Með hæfilegum ... samskipti við útlönd)

3. 15. grein Leiðréttu orðið sambandsráð í framkvæmdastjórn.

Stjórn KKÍ

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
               nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

---

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 9

### Pingsályktunartillaga

Ársþing KKÍ, haldið á Akureyri 12. – 14. maí 2000, samþykkir að reynt verði að koma á keppni í Lávarðadeild á nýjan leik, fyrir leikmenn sem orðnir eru 30 ára og eldri. ~~Verði það gert með fjölliðamótafyrirkomulagi, 4 5 lið í riðli og að keppt verði í premur umferðum yfir keppnistímabilið á dauðum helgum, þar sem ekkert er um að vera í körfuboltanum. Reglurnar verði með svipuðu sniði og í yngri flokkunum verði keppt í fleiri en einum riðli þ.e. að lið færist upp og niður aftir árangri.~~

~~Stórlega er vontun á keppnum fyrir þennan aldurshóp þar sem margir hépar og áhugamenn stunda sér körfuknattleik til heilsubótar. Ekki eru allir sem hafa hins vegar áhuga á því að standa í keppnum, en fyrir þá sem þann áhuga hafa er nauðsynlegt að búa til einhvern möguleika. Þetta gati elft áhuga almennt á körfuknattleik og félöginn gætu boðið upp á æfingar fyrir þennan aldurshóp.~~

~~Ekki er grundvöllur að okkar mati til að leika heima og heiman, heldur er bæði édýrara og skemmtilegra að keppa í fjölliðamótum. Það gefur t.d. mótmóldurum tækifæri á að brydda upp á ýmsum hlutum í kring um keppnina.~~

Karl Jónsson  
Guðni Guðnason

Vísað til:      **Fjárhagsnefndar**      **Allsherjarnefndar**      **X Laganefndar**

   nefndar

**Samþykkt óbreytt**

**X Samþykkt með breytingum**  
(yfirstrikað fellt út)

**Fellt**

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 10

Pingsályktunartillaga um breytingu á leikjafyrirkomulagi í úrvalsdeild karla.

Ársþing KKÍ haldið á Akureyri 12. – 14. maí 2000 samþykkir að beina þeim tilmælum til mótanefndar KKÍ að þess verði gætt að einungis verði leikin ein umferð á viku í EPSON deildinni næsta leiktímabil.

Með þessu móti verður hægt að lengja keppnistímabilið til muna, byrja það í kring um 20. september, leika síðasta leikinn fyrir jól í kring um 17. desember og leika síðan einn leik á milli jóla og nýárs. Síðasta umferð tímabilsins gæti þá farið fram upp úr 20. apríl. Leiktímabilið lengist og verður stöðugra yfir veturinn.

Þetta fyrirkomulag eykur aðgengi fjölmíðla að körfuboltanum þar sem einn dagur í viku verður leikdagur og ein umferð leikin á þeim degi. Einnig getur þetta skapað meiri tekjur fyrir félögin vegna þess að ekki er leikið of þétt þannig að áhugafólk finnist of mikið að sækja alla leiki sins liðs. Þá er hér lagt til að leikinn verði einn leikur á milli jóla og nýárs sem ekki hefur verið gert áður. Teljum við það geta orðið skemmtilega nýjung í körfuboltanum og verður þá hægt að höfða sérstaklega til fjölskyldunnar.

F.h. KFÍ  
Guðjón Þorsteinsson og  
Karl Jónsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar  
 nefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 11

Pingsályktunartillaga um breytingu á leikjafyrirkomulagi í 1. deild kvenna.

Ársþing KKÍ, haldið á Akureyri 12. – 14. maí 2000, samþykkir að beina þeim tilmælum til mótanefndar KKÍ að við niðurröðun leikja í 1. deild kvenna verði þess gætt að leiknar verði tvær umferðir aðra hverja helgi.

Í dag er málum þannig háttað að tvö lið leika alltaf tvo leiki þegar þau leika á annað borð. Er þessi tillaga lögð fram til að skapa meira réttlæti á milli liðanna og einnig til að auka umfjöllun um kvennakörfubolta þar sem leiknar yrðu tvær umferðir með hálfsmánaðar millibili. Aðgengi fjölmiðla yrði gert betra með þessu móti, þar sem þeir gætu þá stólað á tvær stórar leikjahelgar í mánuði og ætti því að vera möguleiki á að fá betri umfjöllun en hingað til. Einnig verður auðveldara fyrir áhugamenn að fylgjast með stöðunni í deildinni þar sem allir leikirnir væru leiknir á sömu helgunum. Sem dæmi að þá væri t.d. ÍS að spila við Tindastól og Grindavík við KFÍ og eins og fyrirkomulagið tildekaðist síðasta tímabil léku KFÍ og Tindastóll alltaf 2 leiki, en þessi tillaga gerir ráð fyrir því að þá myndu KR og Keflavík einnig spila saman tvo leiki. Við teljum að með þessu móti sé auðveldara fyrir félögin að ná upp meiri stemningu fyrir leikjunum, bæði meðal áhugamanna og fjölmiðla.

Fyrsta umferðin gæti hafist 7. – 8. október og síðasta umferð fyrir jól yrði leikin 2. og 3. desember. Það er alkunna að mikill tími kven-leikmanna fer í prófalestur í desember og þá eru mætingar þeirra á æfingar oft stopular. Þarna er námsmönnum gefinn góður tími til að einbeita sér að þrófunum án þess að það þurfi að koma niður á körfuboltanum, eins og það gerir í dag. Leikirnir gætu hafist að nýju fyrstu eða aðra helgina í janúar og síðustu umferðirnar yrðu leiknar fyrstu eða aðra helgina í mars.

Þetta fyrirkomulag er miðað við 6 liða deild eins og nú er.

F.h. KFÍ  
Guðjón Þorsteinsson og  
Karl Jónsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar  Laganefndar  
 nefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 12

Undirritaður leggur fram tillögu fyrir hönd Íþróttafélags Stúdenta sem við óskum að verði tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu á ársþingi KKÍ um miðjan maí.

Tillagan felur í sér breytingu á 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Breytingin er svo hljóðandi: 1. deild karla skal skipuð 12 liðum (í stað 10 eins og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir). Að öðru leyti skal greinin standa óbreytt. Breytingin skal taka gildi keppnistímabilið 2000-2001.

Fyrir hönd ÍS,  
Þórhallur Örn Flosason,  
formaður körfuknattleiksdeildar

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
       nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

---

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 13

Tillaga um breytingu á reglugerð um Íslandsmót og bikarkeppni KKÍ

23. grein, 1. málsgrein, 2. setning, í liðnum “b)Úrslitakeppni “ hljóðar svo:

“Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en ef til “oddaleiks” kemur (siðasti mögulegi leikur viðureignarinnar) skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.”

Undirritaður leggur til að hluti setningarinnar; “, *en ef til “oddaleiks” .....  
hafa jafnar tekjur.*” falli út.

Eftir breytingu hljóðar setningin svo:

“Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti.

Greinargerð:

Liðið sem er ofar í deildarkeppninni hefur unnið til þess að fá heimaleikinn, ef til “oddaleiks” kemur og á að njóta þess fjárhagslega einnig.

Eyjólfur Þór Guðlaugsson

---

Vísað til:  Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
\_\_\_\_ nefndar

---

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum      Fellt

---

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 14

Körfuknattleiksdeild ÍR vill bera fram neðangreindar tillögu til n.k. þings.

1) - Til að kveða skýrara á um að heimilt sé að vera með 12 leikmenn á skýrslu í yngri flokkum verði neðangreind breyting gerð.

Lagt er til að 8.málgrein í 31. greinar reglugerðar um körfuknattleiksmót, sem er svohljóðandi: "Heimilt er að hafa 12 leikmenn á skýrslu í móturnum yngri flokka á vegum KKÍ" verði umorðuð með meiri afgerandi hætti. Lagt er til að hún verði svohljóðandi; "Í öllum móturnum á vegum KKÍ í yngri flokkum, þ.e. frá Unglingaflokki karla og kvenna niður í Minnibolta, er heimilt að hafa 12 leikmenn skýrslu".

Pað er álit ÍR að þessi mál séu enn á reiki á meðan aðildarfélaganna og því rétt að taka af allan vafa með skýrari hætti en nú er.

Virðingarfullst, f.h.körfukn.deildar ÍR  
Aðalsteinn Hrafnkelsson, formaður

Vísað til:	<input type="checkbox"/> Fjárhagsnefndar	<input checked="" type="checkbox"/> Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/> Laganefndar
	<u>nefndar</u>		
<input checked="" type="checkbox"/> Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/> Samþykkt með breytingum		Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

### Þingskjal nr. 15

Körfuknattleiksdeild ÍR vill bera fram neðangreindar tillögu til n.k. þings.

2) - Breyting verði gerð á aldursflokkum í U.fl. karla og Drengjaflokki á þann hátt að tvö aldursár verði í hvorum flokki, þ.e. yngsta ári í núverandi U.fl. verði fært í Drengjaflokkinn sem verði þá tvö ár í stað eins.

Breyting verði gerðar á 32.grein reglugerðar um körfuknattleiksmót þar sem tilgreindir eru í b-lið aldursflokkar karla, sem nú eru listaðir þannig:

- "\* 1.aldursflokkur 21 árs og eldri
  - \* Unglingaflokkur 18, 19 og 20 ár
  - \* Drengjaflokkur 17 ár.
- O.s.frv."

Og verði greinin hér eftir þannig:

- "\* 1.aldursflokkur 21 árs og eldri
  - \* Unglingaflokkur 19 og 20 ár
  - \* Drengjaflokkur 17 og 18 ár.
- O.s.frv."

Einnig verði gerð breyting til samsvörunar á 1.málsgrein 35.greinar þar sem tilgreindur er aldur í Drengjaflokki þannig að verði "Aldur: 17 og 18 ára".

Inn í 34.grein sem snýr að Unglingaflokki yrði síðan einnig skotið inn tilvísun um aldursflokkinn auk leiktímans, sem ekki er tilgreindur nú skv. mótabók (sem verður væntanlega sá sami og meistaraflokki, þ.e. 4 x 10 mínútur og 5 mín.leikhlé eftir 2. leikhluta)

**Greinargerð:**

Rökin fyrir þessari breytingu teljum við ÍR-ingar felast annars vegar í miklu brottfalli iðkenda þegar farið er á fyrsta ár í Unglingaflokki og hins vegar í því að það er of mikið ójafnvægi milli þessara tveggja flokka þar sem kerfið gefur möguleika á einungis einu ári í Drengjaflokki en þremur í Unglingaflokki. Hið fyrnefnda veldur m.a. því að iðkendur sem hafa alist upp við einungis eitt ár í hverjum flokki horfa ekki einungis fram á drengi

sem eru einu ári eldri heldur einnig tveimur árum eldri þegar komið er í U.fl. Við það fallast mörgum iðkendum hendur og þeir leggja ekki út í samkeppnina, en samkeppnin er á tveimur vígstöðvum bæði innan liðs og við mótherja. Við ÍR-ingar teljum að með því að breyta þessu í tvö ár í hvorum flokki skili fleiri iðkendum í yngri flokkum í heildina sem halda út í sinni iðkun fram til tuttugu ára aldurs.

Virðingarfullst, f.h. körfukn.deildar ÍR  
Aðalsteinn Hrafinkelsson, formaður

<b>Vísað til:</b>	<b>Fjárhagsnefndar</b>	<b>Allsherjarnefndar</b>	<b>X Laganefndar</b>
	<b>— nefndar</b>		
<b>X Samþykkt óbreytt</b>	<b>Samþykkt með breytingum</b>		<b>Fellt</b>

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 16

Körfuknattleiksdeild ÍR vill bera fram neðangreindar tillögu til n.k. þings.

3) - Breyting verði gerð á þátttökugjöldum KKÍ í bikarkeppnum.

Í dag er innheimt fast gjald fyrir hverja umferð sem lið leikur í keppninni og kemur það mjög illa við þau lið sem eru með mörg lið og sterk lið í keppni. Er í raun verið með þessari aðferð að hegna liðum fyrir að ná árangri, einkum og sér í lagi við uppbyggingu á yngri flokkastarfi.

Körfuknattleiksdeild ÍR fer þess á leit við KKÍ að innheimtuðferðin verði endurskoðuð.

Virðingarfallst, f.h. körfukn.deildar ÍR  
Aðalsteinn Hrafnelsson, formaður

Vísað til:  Fjárhagsnefndar       Allsherjarnefndar       Laganefndar  
 nefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Fellt

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 17

Tillaga til Ársþings KKÍ um reglugerðarbreytingu.

Tillagan er um breytingu á reglugerð nr. 40 og samhljóðandi grein nr. 45 um Íslandsmót.

Greinarnar verði óbreyttar þar til síðasta málsgreinin.

"Í minnibolta karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn"

Pá komi: Ef notaðir eru 10 leikmenn í fyrstu 3 leikhlutunum fæst bónusstig en þó má sami leikmaðurinn ekki leika fleiri en two. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.

Síðan komi óbreytt: Í 4. lotu má hvort lið taka eitt leikhlé o.s.frv.

Íþróttafélagið Þór  
Eiríkur Sigurðsson.

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
       nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

---

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

## Þingskjal nr. 18

Stjórn KKÍ leggur til breytingu á 13. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Yfirstrið fellur út, feitletrað bætist við.

..... Ferða og fæðiskostnaði dómara í deildarkeppni úrvalsdeildar, 1. deildar karla, 1. deildar kvenna og unglingsflokk karla skal skipta jafnt á lið viðkomandi deildar.  
~~Kostaðurinn skal greiddur í formi fasts gjalds vegna hvers leiks, heimaleikjagjalds, sem afhent skal dómurum fyrir hvern leik um leið og dómaragjöld eru greidd. Gjaldið skal renna í ferðasjéð viðkomandi deildar. Dómarar skulu koma greiðslunni beint til KKÍ (um leið og leikskýrslu) og fá þá uppgjör ferða og fæðiskostnaðar vegna viðkomandi leiks sé um það að ræða. KKÍ nýttir heimaleikjagjaldið til greiðslu allra annarra ferðakostnaðarreikninga, þar á meðal leigu og áætlunarflug, vegna ferðalaga démara.~~

~~Ferða og fæðiskostnaði dómara í úrlitakeppnum í úrvalsdeild, 1. deild karla og 1. deild kvenna skal skipt jafnt á þau lið sem í úrlitum eru. Fyrirkomulag á innheimtu og greiðslum skal vera hið sama og í deildarkeppninni.~~

~~Gjald í hverri deild skal ákvæðið árlega af KKÍ. Tvisvar á ári, í janúar og apríl, skal KKÍ gerastlögunum grein fyrir stöðu þeirra gagnvart ferðasjónum.~~

### 13. greinin verði

..... Ferða og fæðiskostnaði dómara í deildarkeppni úrvalsdeildar, 1. deildar karla, 1. deildar kvenna og unglingsflokk karla skal skipta jafnt á lið viðkomandi deildar. Í ágúst ár hvert skal KKÍ áætla hver kostnaður hvers félags í hverri deild fyrir sig verður vegna dómaralauna og ferðakostnaðar dómara.

10. september ár hvert skulu félög hafa greitt til KKÍ þann kostnað.

KKÍ nýttir þær greiðslur til að greiða dómaralaun og ferðakostnað dómara í deildarkeppni viðkomandi flokka.

Ferða og fæðiskostnaði dómara í úrlitakeppnum í úrvalsdeild, 1. deild karla og 1. deild kvenna \*og unglingsflokk skal skipt jafnt á þau lið sem í úrlitum eru hverju sinni.

Fyrirkomulag á innheimtu og greiðslum skal vera hið sama og í deildarkeppninni. Áður en úrlitakeppnin hefst skal KKÍ áætla ferðakostnað og laun dómara og skulu félög standa skil á þeirri greiðslur til KKÍ fyrir fyrsta leik í keppninni.

Greinargerð:

Þessi tillaga kemur fram í kjölfar umræðu innan félaganna. Eftirfarandi rök með tillögunni hafa heyrst:

- a) Gjaldkeri félagsins þarf ekki að mæta á alla leiki til að greiða dómurunum.
- b) Félög utan af landi eru að leggja út allan ferðakostnaðinn vegna dómaranna og eru því í raun að lána félögunum af suðvestur horninu peninga.
- c) Samskiptavandamál milli dómara og félaga minnka.

Stjórn KKÍ

\* Feitletruðu orðunum bætt í eldri reglugerð.

---

Vísað til:     Fjárhagsnefndar     Allsherjarnefndar     Laganefndar  
       nefndar

---

Samþykkt óbreytt     Samþykkt með breytingum     Fellt

---

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 19

## Fjárhagsáætlun KKÍ 1999

### TEKJUR

Framlög og styrkir	9.000.000
Tekjur af leikjum	5.500.000
Auglýsingatekjur	10.500.000
Landslið	10.000.000
Fræðslu og útbreiðslustarfsemi	1.000.000
Aðrar tekjur	4.000.000
Vaxtatekjur	800.000
Samtals:	40.800.000

### GJÖLD

Yfirstjórn	12.000.000
Þjálfun og kennsla	1.500.000
Íþróttaleg viðskipti	20.000.000
Kynnig fræðsla og útbreiðslustarfsemi	4.000.000
Rekstur mannvirkja	600.000
Önnur gjöld	1.900.000
Afskriftir	500.000
Vaxtagjöld	700.000
Samtals	41.200.000

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
\_\_\_\_\_ nefndar

Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Viðauki við þingskjöl nr. 6 og 7

Laganefnd víesar því til stjórnar KKÍ að samræma reglugerð um leiktíma milli karla og kvenna.

Í þingskjal nr. 6 er bætt inn orðunum „Fyrri hálfleikur“ á tvo staði og í ákvæði til bráðabirgða kemur „8. flokks“ í stað „minnibolta“.

Í þingskjal nr. 7 kemur „stúlknaflokk“ í í stað „8. flokkur“ í bráðabirgðaákvæði.

---

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
— nefndar

---

X Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

---

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Pingskjal nr. 20

Tillaga um breytingu á 35. - 45. greina reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Neðsta lið 3. umferðar í A-riðli þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A-riðli í 4. umferð ásamt efsta liði B-riðils.

Laganefnd

---

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
\_\_\_\_ nefndar

---

X Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

---

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 21

1. málsgrein í 31. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót fellur út og í hennar stað kemur:

Við niðurröðun á fjölliðamótum skal mótanefnd gæta þess að samliggjandi aldursflokkar leiki ekki á sömu helgi.

Laganefnd

Vísað til:	Fjárhagsnefndar — nefndar	Allsherjarnefndar	Laganefndar
X	Samþykkt óbreytt	Samþykkt með breytingum	Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 22

Lagt er til að reglur FIBA um frjálst flæði leikmanna innan Evrópu gildi á Íslandi.

Vegna þessarar samþykktar þarf að gera eftirfarandi reglugerðarbreytingar á 1. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn og hljóði hún svo:

Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar Evrópulands. Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang Evrópulands og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum FIB, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með evrópskt ríkisfang milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmenns með evrópskt ríkisfang úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

Allsherjarnefnd, meirihluti.

---

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
\_\_\_\_\_  
nefndar

---

X Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

# Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 23

Við 1. greina reglugerðar um erlenda leikmenn bætist önnur málsgrein og hljóði hún svo:

Auk þess sem að framan er getið um leikmenn innan EES er einum leikmanni með evrópskt ríkisfang heimilt að leika með íslensku félagi enda gilda að öðru leiti um hann sömu reglur og um leikmenn innan EES.

Gísli Georgsson, ÍBR

Þingskjalið var ekki tekið til atkvæða.

---

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
— nefndar

---

Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 24

Breytingartillaga við þingskjal nr. 13

Fjárhagsnefnd leggur til að 23. grein b) liður hljóði svo:

Í úrslitakeppninni skiptast aðdstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávalt er byrjað á heimavelli þess sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti.

Ef til oddaleiks kemur (síðasti mögulegi leikur viðureignarinnar) skal innkoma, að frádregnum 16% (sem rennur til heimaliðs) og kostnaði vegna dómarar, skiptast jafnt á milli leikaðila. Allur útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjárhagsnefnd KKÍ

Vísað til:	Fjárhagsnefndar	Allsherjarnefndar	Laganefndar
	<u>nefndar</u>		
X	Samþykkt óbreytt	Samþykkt með breytingum	Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjal nr. 25

Tillaga um breytingu á 3. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn.

Síðasti málsliður greinarinnar hljóði svo:

Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni með ríkisfang utan EES keppnisleyfi nema félag það sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við skuldastöðu 1. júní ár hvert.

Tillaga þessi er sett með hliðsjón af breytingu sem gerð var á nefndri reglugerð hér fyrr í dag.

Halldór Halldórsson. UMFT.

---

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
— nefndar

---

X Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

## Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000

Þingskjál nr. 26

Tillaga til Ársþings KKÍ um reglugerðarbreytingu:

Í 40. og 45. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, eftir fyrri samþykkt á þinginu segir í síðustu málsgrein:

„Ef notaðir eru 10 leikmenn í fyrstu 3 leikhlutunum fæst bónusstig en þó má sami leikmaður ekki leika feliri en two. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.“

Gerð er tillaga um breytingu:

„Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undaþágu frá lágmarksfjölda leikmanna er vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal þasð gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en 2.

Stjórn KKÍ, Jóhannes Karl Sveinsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar      Allsherjarnefndar      Laganefndar  
— nefndar

X Samþykkt óbreytt      Samþykkt með breytingum      Fellt

## **Þing KKÍ haldið á Akureyri 13. og 14. maí 2000**

Tillaga um að þingskjali nr. 17 verði vísað til stjórnar KKÍ sem vinnur að málínu fyrir næsta ársþing með það í huga að samræma reglur um minnibolta þannig að sjónarmiðum um uppbyggingu allra liða verði mætt.

Pétur Hrafn Sigurðsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar  
nefndar

---

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum X Fellt

卷之三